

**Samtök eigenda sjávarjarða,
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.**

Alþingi nefndasvið,
101 Reykjavík.
nefndasvid@althingi.is

8. október 2014.

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum (landnotkun og sala ríkisjarða),
74. mál. Frá nefndarsviði Alþingis 26. september 2014.**

Vísað er í bréf nefndarsviðs Alþingis frá 26. september 2014 þar sem gefin er kostur á að koma með umsögn um ofangreint frumvarp.

Vísað er í 1. gr. laganna „Land sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði eða land sem nýtanlegt er eða nýtt til landbúnaðar, þ.m.t. afréttir, og hvort heldur er þjóðlenda eða eignarland, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til þess í lögum, sbr. þó 6. gr.“.

Farið er fram á að í 1. gr. laganna verði breytt og tekin verði út orðin „eða eignarland“ og orðist greinin svona: „**Land sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði eða land sem nýtanlegt er eða nýtt til landbúnaðar, þ.m.t. afréttir og þjóðlenda eða lönd og jarðir í ríkiseigu, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til þess í lögum, sbr. þó 6. gr.**“.

Eignarrétturinn er friðhelgur, samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Samkvæmt orðabók menningarsjóðs þýðir friðhelgur: friðlýstur, sem ekki má ráðast á; ekki má skemma, hreyfa við. Það segir í heiti frumvarpsins innan sviga landnotkun og sala ríkisjarða. Er ekki markmiðið að fjalla um landnotkun ríkisjarða?, en orðið eignarland hefur flækst þarna með umboðs- og heimildarlaust og sennilega vegna mistaka.

Á síðari tímum er farið út yfir öll eðlileg takmörk með að koma einkaeigum manna undir ríkisforsjá og ráðstöfunarrétt ríkisins og ráðherra með því í raun að beita ólögum.

Það ætti frekar að reyna að koma því í lög og reglur að ráðherra væri með lögum bannað að hafa afskipti af nýtingu einkaeigna. Hins vegar mætti styrkja stöðu hans til að hafa frekari afskipti af nýtingu ábúenda og annarra af eignum ríkisins.

1. gr. frumvarpsins er ekki í anda núverandi og nútíma hugsunarháatts á Vesturlöndum. Menn hafa þau mannréttindi að eiga að fá að njóta eigna sinna í friði fyrir ágangi ríkisvaldsins með lagasetningum. Í Rússlandi hefur verið látið af hugsunarhætti bolsévikka og samyrkjubúa og hefur á síðustu árum verið leitað dyrum og dyngjum að eigendum eigna sem teknar höfðu verið ólöglega af eigendum á tímum Sovíet til að afhenda þeim eignirnar aftur. Því miður þá virðast aðilar hjá íslenskum stjórnvöldum ekki enn hafa komist yfir þetta sovíettímabil og eru enn í því að reyna að ráðskast með eignir borgaranna.

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður.
ses.netlog@gmail.com

omar@litlahorn.is